Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn, ódagsett skjöl (líklega 1963-1965)

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Bréf – Jörgen Bukdahl – Markús (Örn Antonsson?) – Steingrímur Guðmundsson – Her majesty's Principal Secretary of State for Foreign Affairs – Eimskipafélag Íslands – Greinargerð um orkuveitusvæði Suðvesturlands – Háskólasjóður

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-30, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Now that you can direct "traffic"
We expect to see you here in the near
future. We have just returned from the
Orient

And every good wish for the New Year

Affectionately

Grace and Louis

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Happy New Year

Mr. and Mrs. Seijin Izumoto

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Ljósmyndasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Season's Greetings*

*and Best Wishes*

*for the New Year*

from the

Minister of Czechoslovakia and

Mrs Voltrová

Foto Bohumil Straka

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Your kind and
thoughtful expression
of sympathy will be
remembered with
sincere appreciation

Mrs Stephenson
and
family.



With
Sincere Thanks

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Askov, Vejen. 4/14 01.

Kære ven.

Jeg er noget træt og mismodig. — Det er ikke let næsten en mand at stå mod denne voxende bølge. Brodum N. har rejst. — Flere gode har hjulpet, ikke mindst Gislason, Koch i ledelse, Printer i Kronik og nogle andre. —

— Det lykkedes os for fire år siden at løbe denne videnskabelige opposition over ende og med højskolforbindelser i Tinget at få sagen nedlaget. —

Men nu har Brodum gjort et større muldvarpearbejde overalt — og brugt fjernsyn til folkesuggestion (Gislason var forhindret adgang!) Jeg var naturligvis ikke indbudt. — Så de hårde kamppladser alene. —

— Nu er det kun tinget og undervisningsministeren der at gøre. O, noget vanskelig vil det blive. — Nu er jeg ved at Brodum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samling kan ikke deles. – Desuden bør Isl. have haandgarbe af de hige Brynjolfer sendt ned (Codex + Flatöbogen o.s.v.). Hvad der også lykkedes os i lovforslaget. –

Nogl træt og mismodig er jeg. Sagen er jo for mig nordisk, et led i mit nordiske arbejde. – europæisk forøvrigt også. –

– Her var lige en fransk-dansk journalist med hilsen fra mit gl. universitet i Chambery, en fr. Ulla Waldén, – hun vil göre et interview til fransk og nordiske blade. – Jeg sender den danske udgave. – De vil her se den nordiske sammenhæng. – Jeg har sendt den til Matthias – måske det var noget for „Lesbok", så Islænderne også kunne se mit nordiske aspekt og forstå min forbindelse med Island. – Men jeg ved ikke hvor vil bruge det. Frankrig bruger det naturligvis. – Men Island synes ikke rigtig at ville vedkende sig mig – undtagelsen som håndskriftforkæmper.

vend

Ud over dette er jo jo løs en tjener i nordisk ånds-liv. til dels i europæisk.

Men lad dette ligge.

---

— Sagen bør ligge meget fævngt. — Mit absolutte råd er at Gislason selv i stand til at velgive en saglig modpjece mod Brøndum-Nielsens. — til brug i pressen og i folketinget og udvalgene. — Islændene må jo ellers ikke være med i et indre dansk opgør. — Men Gislason står jo i en særstilling herhjemme.

— Nu gælder det sagen i dens sidste runde — og al kirkepolitik må vi lade fare. — uden spændinger om dit og dat og gud ved hvad. — Det gælder Island national [illegible]!

Det ser mørkt ud. Men alt må sættes ind. Bed Bjarni Benediktsson, Gylfi og Einar Ol. Sveinsson skrive til ham om dette. Han var en af hovedmændene før 1960 — og er det nu. Tages sagen, har han dog god samvittighed. — Mer end nogen Islænder har han gjort hvad han kunne og under vanskelige vilkår

Med hilsen — også S. O. Sørensen — fra Bjarnhólar

Forsætisráðherra

Herra Bjarni Benediktsson

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Ég held hún hafi gert rétt í því og hitt er svo annað mál, það verður okkar sök sem hinum megin vorum við samningaborðið, ef hægt er að segja það, að við höfum aftur verið of lin í kaupgjaldsmálinu og gefið þar of slakan taum, en það var okkar sannfæring, eftir að við höfðum staðið í þessu samningsþófi, að þar gátum við ekki komist lengra, eins og sakir stóðu, þó að við vitanlega / hyggjum á lagfæringu á því efni við næstu samningsgerð — —

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþýðuflokkurinn telur, að ríkisstjórnin eigi sem fyrst að birta yfirlýsingu um meginstefnu sína á þessu kjörtímabili. Eigi yfirlýsingin að vera ýtarleg og taka m.a. til þessara atriða:

Á undanförnum árum hafa þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur aukizt örar hér á landi en oftast áður og örar en í nágrannalöndum. Nú hefur hins vegar orðið mikið verðfall á helztu útflutningsafurðum landsmanna, og síðasta vetrarvertíð var mjög rýr. Þessi breyttu viðhorf valda nauðsyn á nýrri stefnu. Ef varðveita á þau góðu lífskjör, sem þjóðin hefur öðlazt, og skilyrði eiga að vera til þess, að þau haldi áfram að batna á næstu árum, verður nú að leggja höfuðáherzlu á aukna framleiðni á öllum sviðum atvinnulífs, viðskipta og opinberrar starfrækslu. Stefnunni í efnahagsmálum verður að einbeita að því að gera framleiðslu og viðskipti sem hagkvæmust og nýta fjármagn þjóðarinnar sem bezt til eflingar atvinnulífs og viðskipta og bættrar opinberrar þjónustu. Við framkvæmd þessarar stefnu ~~verði leitazt við að hafa sem nánast samstarf við samtök launþega og atvinnuvega.~~ Megin-atriði stefnunnar verði þau, sem hér greinir:

1/ ~~Ríkisstjórnin mun gera kerfisbundið átak til þess~~ að auka framleiðni á öllum sviðum efnahagslífsins í því skyni að auka þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur.

2/ Stefnt verði áfram að því að tryggja, að verðlag og framleiðslukostnaður hækki ekki meir en orðið er. Jafnframt sé stefnt að því, að koma í veg fyrir halla á ríkisbúskapnum og draga úr rýrnun gjaldeyrisstöðunnar.

3/ ~~Áætlunargerð á sviði~~ opinberra framkvæmda sé aukin og efld. Í þessu sambandi sé skipulag og starfshættir ráðuneyta og opinberra stofnana endurskoðað. Mörkuð sé ákveðin stefna í hverjum málaflokki, undirbúningur framkvæmda sé bættur, aðeins sé unnið að hæfilegum fjölda framkvæmda á hverjum tíma og stefnt sé að því að velja þær framkvæmdir í hverri grein, sem brýnust þörf er fyrir. Jafnframt séu gerðar áætlanir um þróun einstakra byggðarlaga, myndun byggðakjarna og einstakar atvinnugreinar.

4/ Mörkuð sé ákveðin stefna í málefnum atvinnuveganna og miði hún að því að nýta framleiðslugetu þeirra sem bezt og beina nýrri fjárfestingu inn á sem hagkvæmastar brautir.

a. Í sjávarútvegi sé stefnt að því að auka þorskveiðar með hagnýtingu nýrrar tegundar veiðiskipa og veiðiaðferða. Jafnframt sé unnið að endurskipulagningu fiskvinnslunnar með það fyrir augum, að tryggja rekstur hæfilegs fjölda hagkvæmra rekstrareininga. Verðjöfnunarsjóður sá, sem stofnaður var í sambandi við verðfall sjávarafurða verði efldur og starfsemi hans látin ná til allra sjávarafurða.

b. Í landbúnaði sé stefnt að því, að framleiðslan miðist við innanlandsþarfir í meðalári og við útflutning þeirra afurða, sem ekki er þörf á að greiða útflutningsbætur á. Endurskoðun fari fram á stefnunni í landbúnaðarmálum í heild í því skyni að breyta henni í það horf, að þessu markmiði sé hægt að ná á tilteknum tíma. Jafnframt sé stuðlað að lausn þeirra félagslegu og fjárhagslegu vandamála, sem sigla í kjölfar slíkra breytinga á landbúnaðarframleiðslunni. Helmingur þess fjár, sem sparast árlega vegna minnkandi útflutningsbóta, verði næstu 10 árin notaður til að stuðla að þeim breytingum í landbúnaðinum, sem stefna að þessu marki, og til að efla framleiðnisjóð landbúnaðarins. Opinber aðstoð við landbúnaðinn miðist framvegis fyrst og fremst við það, að ofangreind markmið náist.

c. Í iðnaði sé stefnt að eflingu þeirra iðngreina, sem hér er starfsgrundvöllur fyrir, ~~án teljandi tollverndar~~. Jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess, að auðvelda aðlögun þess iðnaðar, sem notið hefur mikillar verndar, að breyttum aðstæðum, fyrst og fremst með því að koma á fót öflugum aðlögunarsjóði. Í sambandi við lækkun tolla á erlendum iðnaðarvörum verði þess ávallt gætt, að tollar á hráefnum og iðnaðarvélum lækki á undan tollum á fullunnu vörurnar. Haldið sé áfram rannsóknum á stofnun nýrra iðngreina til hagnýtingar á náttúruauðæfum landsins og þær rannsóknir efldar.

d. Stefnt sé að því efla nýja verzlunarhætti, er lækki dreifingarkostnað. ~~Tekið sé upp náið~~ eftirlit með hvers konar einokunarverðmyndun og samtökum um verðlagningu.

5/ Sérstök áherzla sé lögð á, að gera enn stórfellt átak til þess að bæta menntunarskilyrði æskunnar í því skyni, að hún öðlist þá þekkingu og tækni, sem allar framfarir byggjast nú á í vaxandi mæli. Í þessu skyni verði lögð áherzla á áframhaldandi undirbúning og framkvæmd áætlana á sviði menntamála. Sett sé ákveðið markmið varðandi skólabyggingar, kennarafjölda og nemendafjölda á sérhverju sviði skólakerfisins, og fjárveitingar séu miðaðar við framkvæmd þeirrar áætlunar. Lokið sé við að koma á raunhæfri fræðsluskyldu allra til 15 ára aldurs og athugun hafin á lengingu fræðsluskyldunnar um 1 ár. Stefnt sé að því, að vaxandi hlutfallstala hvers árgangs stundi framhaldsnám, ekki sízt á tæknisviði, jafnframt því sem nauðsynlegar breytingar séu gerðar á skólakerfinu í því skyni, að stúdentsaldur lækki.

9/ Gert verði átak til að bæta aðstöðu æskufólks til heilbrigðs félags- og skemmtanalífs og tómstundaiðkana, m.a. með setningu laga um æskulýðsmál, skipulagningu á hagnýtingu félagsheimila

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og íþróttamannvirkja í þessu skyni og athugun á ~~aukí~~ unglingavinnu fyrir frumkvæði ~~opinberra aðila.~~ ríkisins.

7/ Lögð verði aukin áherzla á íslenzkar vísindarannsóknir og stefnt að því, að ~~það~~ þær nýtist sem bezt í þágu atvinnuveganna.

8/ Lögð verði aukin áherzla á stuðning við íslenzkar listir og skilyrði almennings til þess að njóta þeirra.

9/ Haldið verði áfram fjöldaframleiðslu íbúða og efnalítið fólk látið sitja fyrir þeim. Hliðstæð áætlun um fjöldaframleiðslu íbúða, ~~og efnalítið fólk látið~~ sem nú er verið að framkvæma í Reykjavík, verði undirbúin og framkvæmd í öðrum kaupstöðum. þangað til hafin er framkvæmd

10/ Löggjöfin um almanna tryggingar verði endurskoðuð og að því stefnt, að heildarbætur trygginganna verði svipaður hundraðshluti þjóðarframleiðslunnar hér á landi og þær eru í því norræna landanna, þar sem hann er hæstur. Stofnun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn, sem jafnframt verði til eflingar sparnaði og heilbrigðri ~~fjármagns~~myndun í landinu verði einn þáttur endurskoðunar tryggingarkerfisins. Sjóðir lífeyriskerfisins verði að verulegu leyti notaðir til stuðnings við íbúðabyggingar landsmanna.

11/ Lögð verði áherzla á öra þróun samgöngumála með byggingu vega, hafna og flugvalla. Undirbúið verði stórátak í vegagerð, sem hæfist um það bil, er framkvæmdum við Búrfellsvirkjun lýkur.

12/ Fjármálakerfi ríkisins verði endurskoðað. Gerð verði áætlun um lækkun innflutningstolla. Lögð verði aukin áherzla á fasteignaskatta. Tekið verði upp staðgreiðslukerfi við skattgreiðslu.

13/ Kannað verði, með hvaða hætti, Ísland geti tengzt Fríverzlunarbandalaginu, ~~það~~ að útflutningsatvinnuvegirnir eigi tollfrjálsan og sem haftalausastan aðgang að mörkuðum þess.

14/ Unnið verði að því, að réttur Íslendinga til landgrunnsins verði viðurkenndur og öllum hugsanlegum ráðum beitt ~~xxx~~ gegn eyðingu fiskistofna við strendur landsins, jafnframt því sem skipulagt átak sé gert til þess að nýta stofnana á sem hagkvæmastan hátt, en tryggja vinnslustöðvum í landi jafnframt sem mest og jafnast hráefni.

15/ Utanríkisstefna Íslands verði eftir sem áður grundvölluð og aðild að Sameinuðu þjóðunum og Atlantshafsbandalaginu, og sérstök áherzla lögð á samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafin verði sérfræðileg athugun á stöðu og hlutverki varnarstöðva á Íslandi innan varnarkerfis Atlantshafsbandalagsins, í því skyni, að hún leiði í ljós, hvort ástæða sé til endurmats á þætti Íslands í varnarkerfi Atlantshafsríkjanna. Komið verði á fót Útflutningsráði, sem skipað verði fulltrúum ríkisvaldsins og útflytjenda, í því skyni að efla markaðskönnun og markaðsleit erlendis.

Alþýðuflokknum er ljóst, að í efnahagslífi sérhverrar þjóðar má búast við nokkurri sveiflu frá ári til árs. Hér á landi er sérstök hætta á slíku vegna einhæfs útflutnings þjóðarinnar. Æskilegt er, að stefnt sé að því að jafna metin milli góðæra og lakari ára með því að geyma nokkurn hluta tekjuauka góðæranna til lakari ára. Að svo miklu leyti sem það hefur ekki verið gert, er óhjákvæmilegt að bera byrðar minnkandi tekna í erfiðum árum. Framkvæmd þeirra áforma, sem nefnd hafa verið hér að framan, hlýtur að sjálfsögðu að vera komin undir fjárhagsgetu þjóðarinnar í kjörtímabilinu. En miðað við sæmilegt árferði, ætti allsherjarátak til aukningar á öllum sviðum framleiðslu- og viðskiptalífs að geta tryggt þjóðinni verulega bætt lífskjör á þessu kjörtímabili.

F Gert verði áætlun um [illegible] hlutverk af Íslands hálfu við vanþróuð lönd.

With the compliments

of the

Embassy of the United States of America

Dear Bjarni – I hope you may find the time to glance at this book – but in any event you may find interesting the attached comment on MLF which was confidentially made by a European who belongs to the Monnet group –

Þakka fyrir síðast –

Reykjavik

Jim

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

With the compliments

of the

Embassy of the United States of America

I had this copied from our radio file as I thought you might be interested in seeing who one of your fellow "meeters" is to be - Have a wonderful trip if I don't see you before you leave - Jim

Reykjavík

) MEETINGS IN PARIS

:retary of State George W. Ball

.y to attend two days of North

'O) meetings in Paris, the U.S.

day.

ert J. McCloskey said it is

f subjects will be discussed"

the trip to explain U.S. policy

McCloskey said such a description

but he added he would "not repeat

not rule out" discussion of that topic.

Mr. Ball, according to U.S. officials, will take part in a regularly scheduled meeting of the NATO Permanent Council on Wednesday, March 31, and a specially scheduled meeting the following day.

Following the Paris meetings Mr. Ball is to go to Villa d'Este, in Cernobbio, Italy, where he will attend the Bilderberg Conference.

The Bilderberg Conference, begun about 10 years ago, brings together high government officials and important private citizens of the Atlantic Community for an off-the-record discussion of world problems. Last year's conference was held in the United States at Williamsberg, Virginia.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BALL TO ATTEND NATO MEETINGS IN PARIS

Washington, March 24 -- Under Secretary of State George W. Ball will leave Washington next Tuesday to attend two days of North Atlantic Treaty Organization (NATO) meetings in Paris, the U.S. State Department announced Wednesday.

Department Press Officer Robert J. McCloskey said it is "contemplated that a wide range of subjects will be discussed" during the meetings.

Asked if Mr. Ball is making the trip to explain U.S. policy in the Republic of Viet-Nam, Mr. McCloskey said such a description would be "an oversimplification," but he added he would "not repeat not rule out" discussion of that topic.

Mr. Ball, according to U.S. officials, will take part in a regularly scheduled meeting of the NATO Permanent Council on Wednesday, March 31, and a specially scheduled meeting the following day.

Following the Paris meetings Mr. Ball is to go to Villa d'Este, in Cernobbio, Italy, where he will attend the Bilderberg Conference.

The Bilderberg Conference, begun about 10 years ago, brings together high government officials and important private citizens of the Atlantic Community for an off-the-record discussion of world problems.  Last year's conference was held in the United States at Williamsberg, Virginia.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr Forsætisráðherra Bjarni Benidiktsson
Rvk.

ég hugsa á því að biðjast afsökunar á því að þetta er skrifað til yðar en ástæðan er sú að ég er húsnæðislaus og er með veika konu sem er að koma af spítala húsi í 9 sinn sjálfur er ég 68 ára svo nú fer þetta að verða erfitt ég hefi verið í Leiguhúsnæði sem ég borga núna 3 þúsund og nú langar mig þar sem ég er fæddur og uppalinn í Rvk að vita hvort þér í gegnum sjálfstæð sem ég hefi alltaf fylgt. gætuð eitthvað liðsint mér í þessum efnum um 2-3 herbergi ég skal garantera 5 ársleigu

með fyrirfram þakklæti
Stangrímur Guðmundsson
Melabraut 30 Seltjarnesi
sími 10591, Rvk.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Corvallis 30. okt.

Kæra Sigríður.

Það hefur verið fram úr hófi annríkt hjá mér að undanförnu. Fyrir utan venjulega skólavinnu var ég önnum kafinn við að mæta á alls kyns fundum og samkvæmum. Á degi Sameinuðu þjóðanna var okkur Francisco boðið í síðdegismóttöku í þinghúsinu í Salem og hittum þar m.a. ríkisstjórann, Mark Hathfield, sem er talinn líklegasta varaforsetaefni repúblikana í næstu kosningum. Það var geysilegur mannfjöldi saman kominn þarna, af öllum þjóðernum og ræðismenn ýmissa erlendra ríkja voru þar einnig. Ég sá á einu borðinu þarna spjald með íslenzka fánanum og nafni Barða Skúlasonar, en hann mun vera ræðismaður Íslands í Portland. Menn virtust vera í nokkrum vafa um aldur þess ágæta manns, sumir sögðu 60-65 ára, aðrir sögðu að hann væri um áttrætt og enn aðrir töldu að hann væri 92. Allir voru samt á einu máli um það, að hann væri einstaklega viðkunnalegur, skemmtilegur og gáfaður. Ég sagði að það væri engin furða, maðurinn væri greinilega Íslendingur. Af einhverjum ástæðum var hann ekki mættur. Sumir sögðu að hann væri örlítið farinn að kalka, svo ég sló því föstu að hann hefði verið búinn að koma í samkvæmið daginn áður en það var haldið. — Við yfirgáfum diplómatana skömmu fyrir kvöldmat og þegar við komum að ~~før~~ dyrunum var þar enn um 300 manna röð,

allir komnir til að heilsa upp á Hathfield og ég sagði við Francisco að ríkisstjórinn væri áreiðanlega farinn að heilsa með vinstri hendi.
Við hröðuðum okkur heim í kvöldmat og fórum svo á fund niðri í skóla. Það var sýnd NATO-kvikmynd frá Íslandi. Þetta sama kvöld hafði okkur einnig verið boðið að sækja umræðufund um SÞ í Lebanon, sem er borg hér all nærri, en við urðum að afþakka það boð af skiljanlegum ástæðum. Hinn 13. nóvember verður önnur samkoma í Lebanon fyrir erlenda nemendur í Oregon og við erum beðnir að tala í 2 mín um heimahagana. Að vísu hefur AFS bannað okkur að flytja ræður fyrr en eftir jól, en þetta verður víst gert að undantekningu. — Ég fór fram á breytingu á stundaskránni eftir fyrstu vikuna í skólanum, kaus að taka framsögn í stað blaðamennsku. Það lá í augum uppi, að ég hafði ekkert að græða á þeirri blaðamennskukennslu, sem veitt er í skólanum en hafði aftur á móti þörf á þjálfun í ræðuflutningi. Námið gengur vel. Sérstaklega gengur franskan konunglega. Ég vona bara að frönskunámið heima sé ekki alltof frábrugðið því sem hér tíðkast, þannig að leiðbeiningamaður nemar Mrs. Applegate verði mér einhver stoð næsta vetur. — Ég hefi verið einstaklega heppinn með dvalarstað. Veðrið hefur verið dásamlega gott að undanförnu, sólskin og norðan andvari, rétt eins og bezt verður á kosið á miðju sumri heima. Rósarunnarnir í garðinum eru í fullum blóma og trén eru

fagurlega skreytt blóðrauðum eplum. Vetursinn hefur ekki riðið í garð enn sem komið er. —
Það er ákaflega mikill kúltúrblær á borginni, einkum vegna hins fjölmenna háskóla, og nemendur í skólanum, sem ég sæki eru yfirleitt mjög áhugasamir enda er skólinn talinn með beztu menntastofnunum í ríkinu. Svo til allir minna beztu skólafélaga eru prófessorabörn, í sumum tilfellum kenna báðir foreldrarnir við háskólann, en samanlögð tala háskólakennara mun vera um 900 og eru þeir allir búsettir í borginni. Einstök vinsemd heimilisfólksins og borgarbúa í heild gera dvölina í senn ánægjulega og lærdómsríka. Þó fer ekki hjá því að mér verði hugsað heim, svona að meðaltali fimm sinnum á dag. Ég er þess fullviss að það mun ekki fara fyrir mér eins og AFS nemendunum sem voru hér í fyrra. Fólkið segir mér, að þau hafi ekki viljað yfirgefa Corvallis í lok skólaársins. Ég held að það hafi aðeins verið fyrir kurteisissakir.
Að undanförnu höfum við lesið Macbeth í enskutímunum. Á laugardaginn var svo próf og okkur gert að skrifa ritgerð um sálarlíf nokkurra persóna. Ég var eðlilega felmtri sleginn. Hefi ekki hundsvit á faginu, nema hvað ég hefi kynnst lítillega undirstöðukenningum Péturs Ólafs í sálgreiningu. En einhvern veginn tókst mér að analysa Lady Macbeth svo heiftarlega að ég fékk bara ansi góða einkunn. — Mogginn berst hingað að staðaldri, mánaðargamall að vísu, en fullur af fréttum og öðru efni að heiman. Þetta virðist hafa verið all söguleg sjóferð á Heklunni. Mér

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verður flókið af að lesa um öll ósköpin: aftaka-veður og rúðubrot. Þetta var sérlega góð mynd af þér í Mogganum daginn eftir brottförina, og raunar af ykkur öllum nema hvað Vala var dálítið þreytt. Og gjarnan hefði mátt sjást dálítið meira framan í Guðrúnu. Hvaða lag er efst á vinsældalistanum hjá henni um þessar mundir? Big John tröllríður öllu hérna í Oregon. Önnur lög komast ekki að hjá útvarpsstöðvunum.- Ég er enn vongóður um að heyra frá Birni. Ég ætti kannski að skrifa honum og lýsa nýjustu sjónvarpsþáttunum hans Alfred Hichcock. Hann er einu sinni í viku í sjónvarpinu. Einn af fáum dagskrárliðum, sem eru þess virði að horfa á þá. Annars frétti ég, að Björn væri að gera út af við svefnlitlar og viðkvæmar Menntaskólastúlkur með taugaæsandi leynilögreglusögum.- Það skrifaði mér einhver, að tveir AFS nemendur væru í hans bekk. Ég hefi ekki komizt til botns í því máli. Eru þeir Ameríkanar?- Hér er stödd um þessar mundir Margrét vinkona hennar mömmu, kona Einars Guðmundssonar á Vaðarskrifstofunni. Hún dvelst hjá systur sinni hér í Corvallis. Einkennileg tilviljun að hitta fyrir gamla kunningja hér í þessari smáborg.- Flyt öllum ættingjum beztu kveðjur. Sérstaklega bið ég að heilsa Ömmu, Auju, Ástu og Hildi. Beztu kveðjur til ykkar allra í Háuhlíðinni. Kirnar baula allar í kór og biðja mig að skila kveðjum til Ömmu. Í guðs friði.

Markús.

## G r e i n a r g e r ð.

Orkuveitusvæði Suðvesturlands nær yfir svæðið frá vesturhluta Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum um Suðurland, Faxaflóa með Reykjanesi upp í Borgarfjörð og Mýrasýslu sunnanverða og ekki er ólíklegt að innan nokkurra ára verði tengt saman veitukerfi Snæfellsness og jafnvel Dalasýslu.

Aðal orkuvinnslan fyrir þetta svæði fer fram í þrem aflstöðum við Sog ásamt vatnsaflstöðvunum við Elliðaár og í Andakílsárvirkjun.

Að auki eru svo varastöðvar í kerfinu í Vestmannaeyjum fullt vara afl, hitaaflstöðin í Reykjavík og riðbreytistöðin á Keflavíkurflugvelli fyrir Faxaflóasvæðið sunnan Hvalfjarðar.

Landfræðilega má segja að orkuveitusvæðið skiptist í fjóra hluta með tilliti til rekstraröryggis. Vestmannaeyjar er tengjast við kerfið með sæstreng frá landi, Suðurland þar sem aðal aflstöðvarnar eru staðsettar, Faxaflóasvæðið með Reykjanesi að Hvalfirði, Akranes, Borgarfjarðar og Mýrasýslur og innan tíðar allt Snæfellsnes tengt með sæstreng yfir Hvalfjörð.

Á svæðinu vestan Hvalfjarðar er ekki um annað afl að ræða en það sem vatnsaflstöðin við Andakílsá geta í té látið. Með vaxandi orkunotkun yrði að gera kröfu til meira tiltæks afls fyrir þetta svæði, má í því sambandi benda á stækkun Sementsverksmiðju innan fárra ára, aukin verksmiðju-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

iðnað og fiskiðnað í þéttbýli, auk hinnar almennu rafvæðingar í borg og byggð. Til lausnar þessum málum virðist vera um þrjár leiðir að velja.

1) Hitaaflstöð við þéttbýlið til rekstraröryggis eins og er víðar í kerfinu t.d. Vestmannaeyjar, Keflavíkurflugvöllur og Reykjavík.
2) Aukning vélaafls í aflstöð við Andakílsá og styrking háspennulínanna.
3) Ný vatnsaflsvirkjun í héraði.

Með tveim fyrrnefndu leiðunum yrði aukið rekstrar öryggi eingöngu er myndi óhjákvæmilega hækka kostnaðarverð orkueiningar og þar með tekjuþörfina. Þriðja leiðin leysir vandamálið um rekstraröryggi jafnframt því að vinna orku inn á veitukerfi Suðvesturlandsins og auka þannig rekstraröryggi Faxaflóasvæðisins í heild.

Með þetta í huga hefir verið gerð athugun á möguleikum til byggingar meðalstórrar vatnsaflsvirkjunar fyrir orkuveitusvæðið vestan Hvalfjarðar og til samrekstrar við veitukerfi Suðvesturlands. Niðurstaða þeirra rannsókna er gerðar hafa verið leiða í ljós að virkjun við Kláffoss í Hvíta í Borgarfirði er af æskilegri stærð miðað við orkuþörf og rekstraröryggi svæðisins um nokkra framtíð, auk þess sem hún er vel fallin til samrekstrar við Suðvesturlandskerfið í heild og eykur rekstraröryggi þess. Bygging þessa orkuvers myndi auka tiltækt afl í Suðvesturlandskerfinu um ca 12% og orkuvinnsluna um 20%, þar sem hér er um að ræða grunnaflsvirkjun.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mannvirkið er fjárhagslega hagstætt miðað við aðrar meðalstórar virkjanir er athugaðar hafa verið á Suður- og Suðvesturlandi.

Einkennistölur orkuversins yrðu þessar:

Rafall 17. M.W.A.

Orkuvinnsla í meðalári 90 millj.kwst.

Orkuverð ca 20 aurar kwst. í aðveitust.

Byggingartími áætlast tvö ár, sem er staðfest af vélaframleiðendum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Her Majesty's Principal Secretary of State for Foreign Affairs presents his compliments to His Excellency the Icelandic Ambassador and has the honour to refer to the Icelandic Government's Note of May 4 about the incident involving the Aberdeen trawler Milwood and the Icelandic Coastguard vessel Odinn.

As Mr. E. Heath stated in his message of April 30 to His Excellency the Icelandic Minister for Foreign Affairs, Her Majesty's Government were most distressed to learn that the incident had taken place. They share the serious view of it which is taken by the Icelandic Government. Her Majesty's Government recognised the Commander of the Icelandic Coastguard vessel Odinn refrained from using force to arrest the trawler. Her Majesty's Government however wish to invite the attention of the Icelandic Government to the fact that the Commander of H.M.S. Palliser used his best endeavours to ensure the arrest of the Milwood by the Odinn with Skipper Smith aboard. As a result of this co-operation from the Royal Navy the trawler was in fact arrested. However in the interval between the transfer of Milwood's crew to H.M.S. Palliser and the arrival on board the Milwood of the Iceland boarding party, Skipper Smith's conduct and state of mind led Lieutenant Commander Hunt to the conclusion that the only means open to him of preventing Smith from endangering his own life was to transfer him to the trawler Juniper. Lieutenant Commander Hunt took this action in the firm belief that Juniper would be ordered to proceed at once to Reykjavik and would do so. He was surprised and dismayed when Juniper's owners declined to

/order

order Juniper to go to Reykjavik.

Her Majesty's Government deplore the fact that Skipper Smith evaded arrest in this manner and wish to tender their sincere regrets. They also accept full responsibility for the action of H.M.S. Palliser on April 27 and April 28.

While Her Majesty's Government are obliged fully to reserve their position on the issues of fact and law that may be involved, Her Majesty's Government have on several occasions advised the owners of Milwood to persuade Skipper Smith to submit to Icelandic jurisdiction. It remains their hope that he will agree to do so.

They very much hope that after this explanation the incident involving Milwood will not be allowed to disturb the good relations between Iceland and the United Kingdom to which the British Government attach so much value.

Redaksjonen har imidlertid latt seg fortelle at du ved studentjuriststevnet forrige sommer holdt en fortrinlig forelesning om konstitusjonell nødrett. Kunne du være interessert i å publisere den i TfR?

Ellers må jeg meddele at jeg fra nyttår av har overlatt byrdene - og æren - ved redaktørvervet til professor Carsten Smith alene. Hos ham er tidsskriftet i de aller beste hender. Vår felles venn Tønnes Andenæs, har midlertidig forlatt universitetsmiljøet og du treffer ham i disse dager i Reykjavik som statssekretær i Kirke- og Undervisningsdepartementet. Han har gjort en enestående innsats i Universitetsforlaget, og vi håper at vi ikke har mistet ham for godt - selv om vi jo også med glede vil se ham i enda større verv.

Jeg ønsker deg fortsatt lykke og fremgang, og sender mine varmeste hilsener til et land som alltid vil stå mitt hjerte meget nær.

Din hengivne

Knut Helmer

<u>Bilag</u>.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur